

Mætti ég fá að heyra meira?

Út er komin tvöföld geislaplata með verk-
inu Radium sem hljóð-
listamaðurinn Finnbogi
Pétursson og hljóm-
sveitin Ghostigital
dýrkuðu upp á umlið-
inni Listahátíð. **Arnar
Eggert Thoroddsen**
spjallaði við þá Finn-
boga og Einar Örn
Benediktsson, annan
helming Ghostigital,
um útgáfuna.

Það er Smekkleysa sem gef-
ur út verkið, sem er í
tveimur hlutum. Annars
vegar Radium I sem
prýðir geisladisk og svo Radium II
sem prýðir aftur á móti mynddisk.
Er það gert svo hægt sé að njóta
þess hluta verksins í fjóróma gæð-
um (quadrophonic) og þá kemur
heimabíóið vel að haldi.

„Við tókum nokkra fundi á sínum
tíma og bjuggum til rammann utan
um þetta,“ segir Finnbogi þegar
hann er spurður um tildrög verks-
ins og samstarfsins. Einar Örn seg-
ir að þeir hafi reyndar verið að
ræða um þetta í gegnum árin.

„Þegar ég og Curver byrjuðum
með Ghostigital fór Finnbogi fljótle-
ga að flækjast inn í radarinn okk-
ar. Einhverju sinni ætlaði hann að
smíða handa okkur míkrofón sem
myndi taka upp í allar áttir.“

Finnbogi tekur undir þetta.
„Það hefur staðið til hjá mér og
Einari að vinna saman síðan við
vorum í pónkinu. Það hefur eig-
inlega staðið til frá því að við horf-
umst fyrsta sinni í augu. Við viss-
um alltaf að það yrði afkvæmi. Og
það liggur núna fyrir. Radium.“

Augu ... og eyru

Finnbogi segir að ekki hafi endi-
lega legið fyrir að verkið kæmi út á
föstu formi, en það hafi svona gár-
að undir. Verkið var flutt í tvígang
á Listahátíð, hinn 10. maí á setn-
ingu hennar og síðan 15. maí á
Vatnsenda. Verkið, sem er form-
lega skilgreint sem tónleika- og út-
varpshljóðverk, var eingöngu hægt
að nema með útlarpstæki og var
því varpað út fyrir tilstilli RÚV, í
gegnum tíðnisvið Rondo á FM 87,7.
Verkið var þá flutt fjóróma með því
að Rondo og Rás 1 voru tengdar
saman. Á setningu Listahátíð-
arinnar var síðan þúsund litlum út-
varpstækjum með heyrnartólum
dreift til gesta svo þeir gætu notið
verksins.

„Um leið og við heyrðum fyrstu
tónana úr græjunum horfðumst við



Morgunblaðið/Eggert

Finnbogi og Einar „Við plönuðum lítið. Við hittumst og spiluðum hljóð hvor fyrir annan og þetta small strax,“ segir Einar.

allir þrír í augu og vissum að þetta
yrði að varðveita með einhverjum
hætti,“ segir Finnbogi. „Það er
kanski þess vegna sem sex rásir
eru útgefnar. Tvær rásir fyrir
hvert augnapar!“

Finnbogi segir að ákveðið hafi
verið að vinna með umhverfið og
magna upp hljóð úr því.

„Ég vann einhverja forvinnu,
mætti með hljóðbanka til verksins
og Einar fór út í móa með upp-
tökutæki. Klósettin á Herjólfí koma
til dæmis við sögu og einnig hljóð
af strandstaðnum hans Wilsons
Muuga.“

Honum finnst samsláttur hans og
hljómshvítarinnar hafa gengið full-
komlega upp.

„Já ... algerlega,“ segir hann
hugsí. „Ég og Einar höfum raun-
verulega verið í sömu deild alla tíð.
Við brjótumst út á svipuðum tíma,
hann í Purrkinum og ég í Bruna
BB. Við förum svo í ólíkar áttir
þannig, en sameinumst nú á nýjan
leik. Eg hef alltaf unnið svona
vinnu í gegnum mínar innsetningar
en ég hef hins vegar aldrei fundið
verkunum neinn farveg. Þau hafa
verið sett upp og svo búið. Eg er
með upptökur af þessu uppi í hillu
hjá mér, en ekkert meir.“

Einar gengur enn lengra í vanga-

veltum um samstarfið, segir það
alltaf hafa verið fyrir hendi og öll
vinnan hafi verið mjög náttúruleg.

„Við plönuðum lítið. Við hittumst
og spiluðum hljóð hvor fyrir annan
og þetta small strax. Við í Gho-
stigital höfum tekið langa tónleika,
tíu tíma og fjögurra tíma, og í verk-
um Finnboga er ákveðið tímaleysi.
Eitt verka hans er uppi í Orkuveitu
og verður þar til eilífðar, a.m.k. á
meðan Orkuveitan stendur. Það er
því ákveðið tímaleysi sem við í Gho-
stigital duttum inn í, þar hittum við
fyrir Finnboga og hann kom þar til
móts við okkur. Eina klúðrið í raun
og veru var að leyfa mér að vera á
volume-takkanum.“

Einar litur stríðnislega til Finn-
boga sem svarar spöskur:

„Jú jú ... það var mesta eft-
irvinnan. Að hreinsa upp skítinn
eftir Einar. Volumedrulluna!“

Einar brosir.

„Þetta setti óneitanlega nokkurn
óróa í þá kyrrð sem við vorum að
leitast við að skapa. En hljóðin sem
við fengum úr náttúrunni, m.a. með
því að taka upp þegar rigning féll á
álplötur, eru hreinasta tónlist.
Þetta er bara náttúran að spila fyr-
ir þig. Þegar við vorum að spila
uppi í Vatnsenda, úti í iðjagrænni
náttúrunni með fjóra hátalara í

kringum okkur, komu fyrst fugla-
hljóð og svona og það var virkilega
gaman að fylgjast með þessu. Þetta
var mjög náttúrulegt eins og ég
segi, og við unnum þetta í sex tíma
í fyrra skiptið og svo fimm í síðara
skiptið. Við fengum svo Alex Mac-
Neil (Kimono) til að klippa þetta
niður og fengum þar með sýn ann-
ars manns á þetta.“

Allir í stuði!

Finnbogi áréttar að hann, ólíkt
Einari, hafi enga reynslu í að halda
tónleika. „Einar hefur verið að
spila fyrir þúsundir manna á meðan
mínir „áhorfendur“ koma bara inn í
þriggja, fjögurra manna hópum. En
við þurftum að dvelja þarna í þenn-
an langa tíma til að leka inn í nátt-
úruna og láta hana leka inn í okk-
ur. Þetta er eins og á tónleikum
þegar söngvarinn öskrar: „Eru ekki
allir í stuði!“ Þá fær hann strax
endurgjöf frá salnum. Þarna var
hins vegar ekki hægt að æpa þetta
á lóuna. Við þurftum að læða þessu
út, hægt og bitandi, í hlustendur
þarna. Maðka og fugla. Það voru
reyndar tveir hrafnar þarna sem
voru mjög spennitri yfir þessu frá
fyrsta tóni.“

Hugmyndin að streyma hljóð-
gjörningnum í gegnum útlarp kom

snemma upp. „Við í Ghostigital
höfðum lengi ætlað að halda út-
varpstónleika í stóru porti,“ segir
Einar. „Við erum þekktir fyrir há-
vaða og gauragang og okkur lang-
aði til að halda tónleika sem ein-
göngu væri hægt að hlusta á í
útlarpi. Á sama tíma var Finnbogi
að vinna verk sem byggist á tveim-
ur útlarpum og á Sequences-
hátíðinni útlarpaði hann þögn. Við
leituðum til Elísabetar Indru hjá
Hlaupanótunni á Rás 1 og bárum
þetta undir hana. Okkur var gríð-
arvel tekið og ekki munaði hana og
hennar fólk með hávaðanum,“ segir
Finnbogi.

Finnbogi nefnir að lokum að í til-
efni hátíðanna fylgi disknum upp-
runalegt útlarpstæki og er prentað
á það tíðnin og nafn verksins. Gho-
stigital og Finnbogi ætla svo að
halda tónleika saman á Sirkus 5.
janúar næstkomandi.

„Við ætlum að skekja húsið ræki-
lega. Enda á að rífa kofann 1. febr-
úar. Hann verður að þola það.
Nema við sjáum bara um niðurrífið
þar og þá með hávaðanum,“ segir
Finnbogi. „Ég mun þá að sjálf-
sögðu hefja tónleikana á því að
öskra: „Eru ekki allir í stuði!““

arnart@mbl.is